

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Raufarhöfn.

1. gr.

Raufarhafnarhreppi er heimilt að innheimta sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Gjaldið er sem hér segir:

a) Íbúðir.

Sorphirðugjald kr. 5.000 skal lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum.

b) Fyrirtæki.

	kr.
Flokkur 1: Sorphirðugjald	6.000
Flokkur 2: Sorphirðugjald	12.000
Flokkur 3: Sorphirðugjald	30.000
Flokkur 4: Sorphirðugjald	60.000
Flokkur 5: Sorphirðugjald	96.000
Flokkur 6: Sorphirðugjald	240.000

Sveitarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka, m.a. með tilliti til magns úrgangs. Aðilar sem sjálfir annast flutning á úrgangi sínum á eyðingarstað, greiði 50% af gjaldi viðkomandi flokks í staflað b). Gjald dagar fyrir staflaði a) og b) eru þeir sömu og gjalddagar og eindagar fasteignagjalda. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 151/1997.

Umhverfisstjórnuneytinu, 23. febrúar 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

25. febrúar 1998

Nr. 131

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að umferð í Hafnarstræti víki fyrir umferð í Pósthússtræti.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. febrúar 1998.

Böðvar Bragason.